

IB 4/2017

Fyrri A 1730/presidiet
skjalsnúmer
Afgreiðsla Forsætisnefndin

Áætlun Sameinuðu Þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030

Norðurlandaráð ákveður

að nefndirnar deili ábyrgðinni á að fylgja markmiðunum eftir og að skrifstofa Norðurlandaráðs sjái til þess að vinnan sé hluti árlegra vinnuáætlana;

að nefndirnar skili árlegri skýrslu um starf sitt að sjálfbærnimarkmiðunum og skýrslurnar verði lagðar fram á árlegum fundi forsætisnefndar í desember. Forsætisnefnd skal eins og þörf krefur fylgja eftir skýrslum nefndanna á reglubundnum fundum með samstarfsráðherrunum, til vara forsætisráðherrunum, og ræða eftirfylgnina í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar;

að landsdeildir Norðurlandaráðs verði í framtíðinni hvattar til að taka einnig tillit til sjálfbærnimarkmiðanna þegar þær hver um sig taka ákvarðanir um forgangsverkefni í formennskuáætlunum sínum;

að fyrirspurnum um hvort tillagan eigi við eitt eða fleiri af sjálfbærnimarkmiðunum verði svarað í nefndarálitum um allar þingmannatillögur og ráðherranefndartillögur, að meðtöldum undirmarkmiðum, og ef svo er hvort þess sé vænst að framkvæmd tilmælanna geti aukið líkur á eða unnið gegn því að markmiðin náist;

að Norðurlandaráð stuðli að því að sjálfbærnimarkmiðin komist á dagskrá á öðrum alþjóðavettvangi og í þjóðþingunum;

að Norðurlandaráð eigi frumkvæði að norrænni hringborðsumræðu þar sem þingmenn norrænu þjóðþinganna miðla upplýsingum og hugmyndum um hlutverk þjóðþinganna í framkvæmd sjálfbærnimarkmiðanna.

Kaupmannahöfn, 7. nóvember 2017

Britt Lundberg

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs